

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F9/2025

Reykjavík, 27. júní 2025

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir  
dómsmálaráðherra  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis leitaði nýlega nafngreindur einstaklingur með kvörtun sem laut að löngum málsmeðferðartíma hjá Útlendingastofnun vegna afgreiðslu umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt. Í tilefni af kvörtuninni, og með hliðsjón af upplýsingum á vefsíði Útlendingastofnunar á Ísland.is, sem gáfu til kynna að afgreiðsla umsóknarinnar gæti tekið að minnsta kosti eitt og hálft ár, sendi umboðsmaður Útlendingastofnun bréf 10. júní sl.

Í bréfinu var efni kvörtunar rakið og jafnframt vísað til þess að umboðsmaður hefði áður haft til athugunar langan málsmeðferðartíma hjá Útlendingastofnun við meðferð umsókna um íslenskan ríkisborgararétt, sbr. mál nr. 10850/2020 og F111/2022. Umboðsmaður hefði ekki talið ástæðu til að aðhafast frekar í þeim málum, enda hefði breytt verklag leitt til þess að málshraði við afgreiðslu umsókna hefði styst úr 16 mánuði í sex mánuði. Í bréfinu til Útlendingastofnunar frá 10. júní sl. óskaði umboðsmaður eftir því að Útlendingastofnun greindi frá ástæðum þess að málsmeðferðartími vegna afgreiðslu umsókna um íslenskan ríkisborgararétt virtist aftur kominn í fyrra horf. Jafnframt var þess óskað að Útlendingastofnun skýrði nánar hvernig þessi langi málsmeðferðartími samræmdist málshraðareglum stjórnsýsluréttar.

Í svörum Útlendingastofnunar, sem bárust umboðsmanni með bréfi 20. júní sl., er rakið að tafir á afgreiðslu umsókna stafi nú fyrst og fremst af margföldun á fjölda umsókna, sem ekki sé unnt að mæta með þeim fjölda starfsfólks og því fjármagni sem stofnunin hefur yfir að ráða. Vonir séu þó bundnar við að nýtt upplýsingatækni kerfi, sem hafi verið í þróun hjá stofnuninni, muni stuðla að styrti málsmeðferðartíma í málaflokknum. Þróun og uppsætning kerfisins hafi þó dregist töluvert og það sé enn ekki komið í fulla notkun.

## UMBODSMADUR ALÞINGIS

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að dómsmálaráðuneytið upplýsi umboðsmann um hvort og þá hvaða ráðagerðir séu uppi til að vinna bug á þeim vanda sem virðist vera til staðar hjá Útlendingastofnun við afgreiðslu umsókna um ríkisborgarárétt. Í þessum efnum er einkum haft í huga að ef fyrir liggur að viðvarandi ástand í andstöðu við lög hafi skapast í starfsemi stofnunar verður að jafnaði að ganga út frá því að á ráðherra, sem fer með yfirstjórn viðkomandi málaflokks, hvíli sú skylda að gera virkar ráðstafanir til að koma starfsemi slíkrar stofnunar í lögmætt horf, enda sé ljóst að mati ráðuneytis að ráðstafanir forstöðumanns hafi ekki náð tilætluðum árangri, sbr. til hliðsjónar álit umboðsmanns Alþingis 7. júlí 2009 í máli nr. 5718/2009 og 6. maí 2024 í máli nr. F124/2022. Hér er einnig vert að ítreka að skilyrði fyrir veitingu ríkisborgaráréttar með stjórnvaldsákvörðun lúta að mestu leyti að hlutlægum atriðum sem koma fram í gögnum sem umsækjendur láta Útlendingastofnun í té samhliða umsóknum sínum.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni ekki síðar en 8. ágúst nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
Skrifstofustjóri frumkvæðismála  
og OPCAT